

kvörtuninni á framfæri við framkvæmdaraðila verksins. Viðkomandi á málskotsrétt til heilbrigðisnefndar Austurlands. Að öðru leyti fer um málskot samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Mál út af brotum á samþykkt þessari ber að fara með að hætti opinberra mála.

8. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum til að öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendur húseigna sem ekki tengjast frárennsliskerfi á vegum sveitarfélagsins og falla undir 3. mgr. 13. gr. í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og hafa ekki fullnægjandi frágang á rotþró og siturlögnum, hafa frest til 1. júlí 2006 til að uppfylla ákvæði 1. mgr. 1. gr. samþykktarinnar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 22. febrúar 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um váttryggingafjárhæðir í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að váttryggingafjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 53.500.000 krónum vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 32.000 krónur að lágmarki og 320.000 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingafjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna og keppenda í aksturskeppni skuli vera 5.350.000 krónur við dauða eða varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem er tekin samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um akstursþróttir og aksturskeppni nr. 257 18. apríl 2000, gildir fyrir árið 2005.

Samgönguráðuneytinu, 16. febrúar 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.